

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 461/1991.

**Lydía Gunnarsdóttir**

(Kristján Ólafsson hdl.)

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Gísla Erni Arnarsyni**

(Svala Thorlacius hrl.)

Óvígð sambúð. Fjárskipti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Hún gerir eftirfarandi dómkröfur:

„I. Að viðurkennt verði með dómi, að eftirgreindar eignir séu eign umbjóðanda míns að jöfnu á móti stefnda:

a) Íbúð að Móabarði 34, merkt 03-01, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarleiguréttindum.

b) Bifreiðin R-38532, Citroen AX, árg. 1988.

c) Andvirði bifr. R-42840, Mercedes-Benz, árg. 1981, og verði stefndi jafnframt dæmdur til að greiða umbj.m. helming söluandvirðisins, kr. 350.000,-, með hæstu dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags,

II. Að viðurkennt verði með dómi að verðbréf og bankainnstæður, sem um áramót 1989/1990 voru að fjárhæð kr. 2.928.037,- skv. skattframtali 1990, teljist vera eign aðila að óskiptu og skuli skiptast jafnt á milli þeirra.“ Þá krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjanda úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Aðila greinir á um, hvenær óvígð sambúð þeirra hófst. Áfrýjandi byggir á því, að upphaf sambúðar hafi verið, þegar hún fluttist til stefnda inn á heimili móður hans að Álfaskeiði 102 í Hafnarfirði

haustið 1984. Áfrýjandi var þá 17 ára gömul og var ásamt stefnda þar í fríu fæði og húsnæði. Gögn málsins benda til þess, að þá hafi ekki verið um sameiginlegt heimilishald að ræða. Verður ekki talið, að eiginleg sambúð þeirra hafi hafist fyrr en í mars 1987, er þau fluttust að Fagrahvammi 11 í Hafnarfirði. Ljóst virðist þó, að fjárhagsleg samstaða hafi myndast með þeim fyrir þennan tíma, einkum eftir að þau fóru til starfa í Ólafsvík í ársbyrjun 1986. Jafnframt er rétt að líta til þess, að áfrýjandi og stefndi fylgdust að óslitið eftir slys það, sem hann varð fyrir í mars á því ári.

Staðfest er sú niðurstaða í hinum áfrýjaða úrskurði með vísan til forsendna hans, að áfrýjandi hafi hvorki öðlast eignarhlutdeild í örorkubótum stefnda, 2.928.037 krónum, sem hann hélt nægilega sérgreindum í verðbréfum og á kjörbók Landsbanka Íslands, né Mercedes-Benz-bifreiðinni R-42840. Fallast ber hins vegar á þá niðurstöðu skiptaréttar, að áfrýjandi hafi öðlast eignarhlutdeild í fasteigninni Móabaráði 34 í Hafnarfirði og Citroen AX, bifreiðinni R-38532. Þegar litið er til tekna aðila, meðan sambúð varði, og þess, sem rakið er í úrskurðinum þykir einnig rétt að fallast á niðurstöðu hans um, að eignarhluti áfrýjanda sé 10% og eignarhluti stefnda 90%. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 18. júní 1991.

##### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 29. maí 1991.

Sóknaraðili, Lydía Gunnarsdóttir, kt. 150367-3609, Vallholti 19, Ólafsvík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með úrskurði, að eftirtaldar eignir séu eign sóknaraðila að jöfnu á móti varnaraðila:
  - a) Íbúð að Móabaráði 34, merkt 03-01, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum.
  - b) Bifreiðin R-38532, Citroën AX, árgerð 1988.

- c) Andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, árgerð 1981, og verði varnaraðili jafnframt úrskurðaður til að greiða sóknaraðila helming söluandvirðis, kr. 350.000,00, með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags.
2. Að viðurkennt verði með úrskurði, að verðbréf og bankainnstæður, sem um áramót 1989/1990 voru að fjárhæð 2.928.037,00 samkvæmt skattframtali 1990, teljist vera eign aðila að óskiptu og skuli skiptast jafnt á milli þeirra.
3. Að viðurkennt verði með úrskurði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í íbúðinni að Móabardi 34, Hafnarfirði, frá og með 1. júní 1990 til rýmingardags.
4. Að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað [...].

Varnaraðili, Gísli Örn Arnarson, kt. 050165-4429, Móabardi 34, Hafnarfirði, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað [...].

Sáttaumleitarnir dómarans hafa engan árangur borið.

## II.

Þann 29. ágúst 1990 barst skiptarétti Hafnarfjarðar beiðni Hilmars Ingimundarsonar hrl. fyrir hönd Lydú Gunnarsdóttur um að bú hennar og fyrrum sambýlismanns, Gísla Arnar Arnarsonar, yrði tekið til opinberrar uppskriftar og skiptameðferðar vegna sambúðarslita þeirra. Málið var þingfest þann 15. nóvember 1990 og bú aðila tekið til opinberra skipta með vísan til 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1986.

Í þinghaldi þann 14. janúar 1991 lýstu lögmennt aðila yfir ágreiningi um skiptingu eftirtalinnna eigna: fasteignarinnar að Móabardi 34, Hafnarfirði, bifreiðarinnar R-38532, Citroën AX, verðbréfa og bankainnstæðna búsins og andvirðis bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz. Vegna ágreinings um skiptingu fyrrgreindra eigna var ákveðinn rekstur skiptamáls þessa. Samkomulag náðist milli málsaðila um skiptingu innbús í þinghaldi þann 8. janúar 1991.

Í skiptaréttarmáli þessu hafa verið lögð fram og þingmerkt sem dóm skjöl nr. 6–8 málskjöl vegna opinberra skipta á búi aðila.

Í máli þessu greinir aðila á um málavexti.

Sóknaraðili kveður málavexti vera, að um sumarið 1984 hafi hún og varnaraðili tekið upp óvígða sambúð. Hafi þau fyrst búið á heimili móður varnaraðila að Álfaskeiði 102, Hafnarfirði. Veturinn 1984/85 hafi varnaraðili stundað nám í Vélskóla Íslands, en sóknaraðili hafi unnið utan heimilis jafnframt því, sem hún hafi annast heimilishald, eftir því sem nauðsynlegt var á heimili móður varnaraðila. Um mánaðamótin janúar/febrúar 1985 hafi hún og varnaraðili síðan flust að Mánagötu 2, Reykjavík. Tekjur varnaraðila árið 1985 hafi verið kr. 224.366, en tekjur sóknaraðila það sama ár hafi hins vegar verið kr. 107.800. Í janúar 1986 hafi aðilar flust vestur í Ólafsvík, þar sem þau bjuggu saman á verbúð og störfuðu bæði hjá Stakkholti hf. Þann 3. mars 1986 hafi varnaraðili orðið fyrir slysi um borð í m/s Jóni Jónssyni SH 187, þar sem hann missti vinstri handlegg við öxl. Eftir slys þetta hafi aðilar á ný flust til móður varnaraðila og hafi sóknaraðili verið heima-vinnandi, þar til hún hafi einnig farið að vinna utan heimilis um mánaðamótin júní/júlí 1986 fram á haustið. Veturinn 1986/87 hafi sóknaraðili farið í ritaraskólann. Hafi hún þá verið orðin ófrísk og eignast son þann 7. júlí 1987. Um haustið 1986 hafi varnaraðili hins vegar á ný farið í Vélskóla Íslands og verið þar fram að jólum. Í mars 1987 flytjast aðilar síðan að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, þar sem þau séu fyrst skráð með sameiginlegt lögheimili og í óvígðri sambúð. Eftir barnsburðinn hafi sóknaraðili verið bundinn á heimili aðila í um það bil eitt ár, en að því loknu hafi hún farið að vinna við skúringar á kvöldin hjá Globusi hf. Þann 15. apríl hafi aðilar sótt sameiginlega um kaup á íbúð hjá stjórn verkamannabústaða. Þau hafi síðan fengið úthlutað íbúð að Móabaráði 34, Hafnarfirði, sem þau flytjast í 20. nóvember 1989. Tekjur sóknaraðila hafi, meðan á sambúðinni stóð, runnið inn á reikning varnaraðila, þar sem þær voru notaðar til sameiginlegra þarfa svo og fjárfestinga.

Varnaraðili kveður málavexti vera, að síðsumars 1984 hafi hann og sóknaraðili kynnst og skömmu síðar hafi sóknaraðili flust inn á heimili móður varnaraðila að Álfaskeiði 102, Hafnarfirði, en hún hafi frá árinu 1978 verið ekkja. Hafi málsaðilar verið á framfæri móður varnaraðila þann tíma sem þau bjuggu hjá henni. Aðilar hafi síðan flust í íbúð ömmu varnaraðila síðsumars 1985, en ekki um mánaðamótin janúar/febrúar 1985, eins og fram komi hjá sóknaraðila. Í desemberbyrjun sama ár hafi slitnað upp úr sambúð aðila og varnaraðili flust heim til móður sinnar, en sóknaraðili til foreldra sinna. Um áramótin hafi þó orðið úr, að þau færu saman vestur til Ólafsvíkur þar sem þau bjuggu saman á verbúð. Hafi varnaraðili ráðið sig

til vinnu sem 2. vélstjóri á m/s Jón Jónsson SH 187. Hinn 3. mars hafi varnaraðili orðið fyrir mjög alvarlegu slysi um borð í bátnum þegar hann lenti með vinstri handlegg í spili bátsins. Hafi hann farið með spilinu tvo hringi áður en tókst að stöðva það og losa hann úr því. Óhjákvæmilegt hafi reynst að taka vinstri handlegg af við öxl, en varnaraðili hafi verið örventur. Vegna slyss þessa hafi varnaraðili verið úrskurðaður 90% öryrki þann 17. desember 1987. Örorkutjón varnaraðila hafi verið reiknað út svo sem venja er og hafi hann fengið í bætur um kr. 4.000.000. Hafi bæturnar verið greiddar út í allnokkrum áföngum, en lokagreiðsla hafi verið innt af hendi í apríl 1987. Bætur þessar hafi varnaraðili varðveitt í verðbréfum og á kjörbók nr. 61999 í Landsbanka Íslands. Hafi hvorki tekjur sóknaraðila né tekjur varnaraðila, eftir að hann fór á ný að vinna eftir slysið, runnið inn á þá bók, heldur inn á reikning í Iðnaðarbankanum nr. 800223. Eftir slysið hafi aðilar flust á ný inn á heimili móður varnaraðila og búið þar fram í marsmánuð 1987, er þau fluttust að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði. Hafi þá fyrst óvígð sambúð aðila hafist. Í apríl 1988 hafi varnaraðili sótt um íbúð hjá stjórn verkamannabústaða í Hafnarfirði og hafi sú umsókn verið byggð á þeirri forsendu, að varnaraðili væri 90% öryrki. Umsókn varnaraðila hafi verið tekin til greina og aðilar flytjist að Móabarði 34, Hafnarfirði, í nóvember 1989. Hafi varnaraðili greitt útborgunargreiðslu kr. 750.000 vegna íbúðar-kaupa þessara af bótafé sínu, sem varðveitt hafi verið á kjörbók Landsbankans. Þegar liðið hafi á veturinn 1989/1990 hafi samband aðila versnað og þann 12. apríl 1990 hafi svo slitnað endanlega upp úr sambandi þeirra.

Í réttinum hafa verið lögð fram skattframtöl aðila undanfarin ár. Samkvæmt skattframtölum sóknaraðila eru tekjur hennar árið 1984 kr. 127.510, árið 1985 kr. 224.366, árið 1986 kr. 210.143, árið 1987 kr. 119.171, árið 1988 kr. 40.000 og árið 1989 kr. 596.426. Samtals eru því tekjur sóknaraðila fyrir árin 1984–89 kr. 1.317.616. Tekjur varnaraðila samkvæmt skattframtali hans voru árið 1986 kr. 608.406, árið 1987 kr. 404.206, árið 1988 kr. 933.512 og árið 1989 kr. 1.229.919. Tekjur varnaraðila árin 1986–89 eru því samtals kr. 3.176.043.

Meðal málskjala er að finna reikningsyfirlit yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands frá 24. júlí 1987 til 3. apríl 1990, en þá var staða reikningsins kr. 230.191,67. Jafnframt liggur frammi yfirlit Landsbréfa hf. dags. 24. janúar 1990, vegna verðbréfa Lýsingar, 1. fl. B 1989, að kaupverði kr. 1.547.846, og yfirlit Landsbanka Íslands yfir Landsbók nr. 456002 frá 1. mars 1990 til 29. júní sama ár, en þá var innstæða bókarinnar kr. 1.023.456,19.

Aðilar hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

Kröfur sóknaraðila eru á því reistar, að frá upphafi sambúðar hennar og varnaraðila, er hún telur að til hafi stofnast sumarið 1984, hafi þau haft sameiginlegan fjárhag. Öll hennar laun hafi gengið inn á bankabók, sem hafi verið á nafni varnaraðila. Hafi því öll laun hennar gengið til sameiginlegra þarfa svo og fjárfestinga. Séu því allar þær eignir, sem um sé deilt í máli þessu, til komnar vegna fjárfestinga þeirra beggja. Í málflutningi kom fram af hálfu lögmanns sóknaraðila, að jafnframt yrði að taka tillit til vinnu sóknaraðila á heimili og að þar hafi hún verið bundin í eitt ár eftir að hún ól málsaðilum son þann 7. júlí 1987.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um að fasteignin að Móabaráði 34, Hafnarfirði, teljist eign málsaðila að jöfnu, á því, að íbúðarkaupin hafi verið sameiginleg. Málsaðilar hafi sótt um kaup á íbúðinni sem sambýlislíf, eins og umsókn þeirra beri með sér, sbr. dómsskjal nr. 5, og sem slík fái þau þessa íbúð. Kaupverðið hafi verið greitt af þeim sameiginlega, úr sameiginlegum sjóði, enda hafi þau haft óskipt fjárfélag. Skipti í þessu sambandi engu máli, þótt afsal hafi eingöngu verið gefið út til varnaraðila.

Vaðandi kröfu sóknaraðila til helmings eignarhlutdeildar í bifreiðinni R-38532, Citroën AX, árgerð 1988, byggir sóknaraðili á því, að hún hafi verið keypt á árinu 1989 af sér og varnaraðila sameiginlega og á sama hátt greidd úr sameiginlegum sjóði þeirra. Gildi því það sama um bifreiðina og fasteignina að Móabaráði 34, Hafnarfirði.

Kröfu sóknaraðila um að andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, árgerð 1981, teljist eign þeirra að jöfnu og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér kr. 350.000 auk dráttarvaxta, rökstyður hún á þann hátt, að bifreiðin hafi verið keypt um vorið 1990 í skiptum fyrir Willys-jeppabifreið, er málsaðilar áttu. Jeppabifreiðin hafi verið verðlögð á kr. 550.000 og hafi aðilar auk þess greitt í milligjöf kr. 150.000–200.000. Telur sóknaraðili ekki geta staðist, að varnaraðili hafi selt þessa bifreið fyrir kr. 500.000 þann 1. júní 1990 eins og fram hafi komið af hálfu varnaraðila, enda hafi varnaraðili sjálfur talið í þinghaldi 8. janúar 1991, sbr. dómsskjal nr. 7, að söluandvirði bifreiðarinnar hefði verið kr. 650.000–700.000. Í málflutningi af hálfu lögmanns sóknaraðila kom fram, að sóknaraðili teldi, að miða bæri við nefnda yfirlýsingu varnaraðila um söluverðmæti bifreiðarinnar, en ekki afsal það er liggja frammi í málinu, þar sem fram komi að söluverð bifreiðarinnar sé kr. 500.000. Telur sóknaraðili með ólíkindum, að bifreiðin hafi lækkað í verði um kr. 150.000–200.000 á aðeins einum til tveimur mánuðum. Sóknaraðili byggir á því, að Mercedes-Benz-bifreiðin hafi verið keypt á sambúðartímabilinu og hafi hún, á sama hátt og áður greinir, verið

greidd af þeim sameiginlega. Eigi því sóknaraðili rétt til helmings söluandvirðis bifreiðarinnar, sem hún telur að hafi ekki verið undir kr. 700.000.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um að verðbréf og bankainnstæður teljist eign málsaðila að óskiptu, á því, að fjármunir þessir hafi myndast á sambúðartímanum fyrir tilstuðlan þeirra beggja. Um sérgreinda fjármuni sé ekki að ræða, enda hafi öll laun sóknaraðila gengið inn á reikning varnaraðila. Hafi varnaraðili ekki haldið örorkubótum sínum aðgreindum og ekki áskilið sér slíkan rétt þegar bæturnar voru greiddar.

Kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að Móabardi 34, rökstyður hún á þann hátt, að varnaraðili hafi frá sambúðarslitum nýtt eignina að öllu leyti einn. Sóknaraðili hafi hins vegar þurft að leigja sér íbúð fyrir sig og son þeirra. Einungis sé gerð krafa um viðurkenningu á þessari skyldu varnaraðila.

## V.

Varnaraðili reisir sýknukröfu sína á því, að með málsaðilum hafi ekki verið sameiginlegt fjárfélag. Eignamyndun sú, sem orðið hafi á sambúðartímabilinu, sé algerlega komin til vegna örorkubóta varnaraðila. Tekjur sóknaraðila á sambúðartímabilinu hafi verið mjög óverulegar og hefðu þær ekki einu sinni nægt henni einni til framfærslu, hvað þá heldur til nokkurrar eignamyndunar.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að sambúð málsaðila hafi einvörðungu staðið í rétt liðlega þrjú ár, frá því að þau flytjst inn á sameiginlegt heimili að Fagrahvammi 11, Hafnarfirði, þann 17. mars 1987 og þar til upp úr sambúð þeirra slitnaði í apríl 1990. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til fram lagðs sambúðarvottorðs, dags. 14. maí 1990, sbr. dómskjal nr. 15. Varnaraðili telur það ekki skipta máli, að aðilar hafi í stuttan tíma haustið 1985 búið saman að Mánagötu 2, Reykjavík, enda hafi slitnað upp úr sambúð þeirra á því tímabili og hafi þau þar að auki, á þeim tíma, ekki verið skráð sem sambúðarfolk. Auk þess hafi málsaðilar ekki sjálfir talið sig vera í sambúð og hafi þau ekki talið sameiginlega fram til skatts fyrr en árið 1989. Telur varnaraðili jafnframt, að ekki sé hægt að líta á búsetu sóknaraðila inni á heimili móður varnaraðila sem óvígða sambúð. Þegar sóknaraðili flytjst þangað hafi hún verið 17 ára að aldri og virðist svo sem móðir varnaraðila hafi tekið að sér framfærsluskyldu foreldra sóknaraðila. Hafi sóknaraðili á árinu 1984 haft í „brúttó“ mánaðarlaun kr. 10.625 og hafi hún aldrei lagt nokkurt fjárframlag til heimilis móður varnaraðila, hvorki fyrir fæði né húsnæði. Hafi hún þar að auki aldrei veitt neina aðstoð við heimilisstörf og nánast verið þar sem gestur.

Enn fremur er því haldið fram, að sóknaraðili geti ekki átt nokkurn rétt til helmingshluta í örorkubótum varnaraðila og þeirra eigna sem fyrir þær bætur séu keyptar. Örorkubætur varnaraðila séu skaðabætur fyrir alvarlegt tjón á líkama hans og sé tjónið reiknað fram í tímenn eftir áætluðum lífslíkum. Hafi tjónið verið greitt frá tryggingafélagi fyrir fram með eingreiðslu. Sé fráleitt að telja, að sóknaraðili geti átt rétt til slíkra bóta, enda hefði varnaraðili eins getað samið um árlegar greiðslur og væri þá langstærstur hluti bóttanna ekki gjaldfallinn. Þá er af hálfu varnaraðila á því byggt, að hann hafi haldið örorkubótum sínum fullkomlega aðgreindum. Unnt sé að sýna fram á í hvaða verðmætum bæturnar séu, þ.e. í verðbréfum, bankabók, bifreiðum og innbúi. Varnaraðili hafi lagt bætur sínar inn á hávaxtabók nr. 61999 í Landsbanka Íslands og keypt verðbréf og hafi ekki aðrar greiðslur runnið þar til. Þær litlu tekjur, sem sóknaraðili hafi haft, hafi verið lagðar inn á bankareikning nr. 800223 í Iðnaðarbankanum og hafi varnaraðili einnig lagt tekjur sínar inn á þann reikning, er hann fór á ný að geta starfað eftir slysið. Hins vegar beri skattframtöl aðila skýrt og greinilega með sér, að fram til ársins 1988, þegar varnaraðili fór að hafa einhverjar tekjur aftur, lifi þau á örorkubótum hans, að frátalinni framfærslu móður varnaraðila, og hafi málsaðilar gengið verulega á þær bætur. Hafi nánast öll útgjöld verið greidd með bótum hans, þar með taldar tvær sumarleyfisferðir til útlanda, verslunarferð sóknaraðila til Glasgow fyrir jólin 1987 og nám sóknaraðila í ritaraskólanum.

Varðandi íbúðina að Móabardi 34, Hafnarfirði, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að nöfn beggja málsaðila hafi verið rituð á umsókn til stjórnar verkamannabústaða vegna þeirrar reglu, að séu umsækjendur í hjónabandi eða óvígðri sambúð skuli umsóknir lagðar fram í nafni beggja. Lítill vafi leiki á, að úthlutunin á íbúðinni hafi byggst á því, að varnaraðili sé 90% öryrki, enda séu öryrkjar forgangshópur hvað viðkemur félagslegum íbúðum. Afsal hafi verið gefið út á nafn varnaraðila og óumdeilanlegt sé, að hann hafi greitt útborgunargreiðslu, kr. 750.000, 17. nóvember 1989 með örorkubótum sínum af reikningi nr. 61999 í Landsbankanum. Í málflutningi lögmanns varnaraðila var því haldið fram, að varnaraðili hefði greitt af örorkubótum sínum afborganir af lánum, er hvíla á fasteigninni.

Varnaraðili telur bifreiðina R-38532, Citroën AX, óskipta eign sína, þrátt fyrir það að hún hafi verið skráð á nafn sóknaraðila, enda hafi hún verið keypt fyrir örorkubætur varnaraðila. Hafi kaup á bifreiðinni farið fram á þann veg, að 2. febrúar 1989 hafi varnaraðili fengið bifreiðina í skiptum fyrir bifreið sína, Susuki Fox 1984. Jafnframt hafi varnaraðili greitt í milligjöf kr. 80.000. Susuki-bifreiðin hafi verið keypt fyrir örorkubætur varnaraðila,

og millgjöfin hafi einnig stafað af bótafénu. Í þessu sambandi vísar varnaraðili til fram lagðra yfirlita yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands.

Í munnlegum málflutningi kom fram af hálfu lögmanns varnaraðila, að bifreiðin R-42840, Mercedes-Benz, væri til komin fyrir skipti á Willysjebbafreið, er keypt hafi verið árið 1987 fyrir bótafé varnaraðila. Hafi Mercedes-Benz-bifreiðin því verið eign varnaraðila.

## VI.

Málsaðila greinir á um hvenær þau hafi stofnað til óvígðrar sambúðar. Fyrir liggur, að sumarið 1984 fluttist sóknaraðili inn á heimili móður varnaraðila, þar sem þau bjuggu síðan. Þykir verða að miða við að þá hafi sambúð aðila stofnast, enda ber aðilum saman um, að frá þeim tíma hafi þau búið samfellt saman, að frátöldum desembermánuði 1985, og þar til upp úr sambúð þeirra slitnaði í apríl 1990.

Ljóst er að á sambúðartíma málsaðila varð umtalsverð eignamyndun. Samkvæmt skattframtölum sóknaraðila voru tekjur hennar á árunum 1984–89 kr. 1.317.616, en tekjur varnaraðila voru á árunum 1986–89, samkvæmt skattframtölum hans, kr. 3.176.043. Varnaraðili var þann 17. desember 1986 metinn 90% öryrki vegna vinnuslyss, er hann varð fyrir fyrr á sama ári. Voru varnaraðila greiddar bætur vegna slyss þessa, er hann telur hafa verið um kr. 4.000.000 og hefur þeirri fjárhæð ekki verið andmælt. Yfirlit það, er liggur frammi yfir reikning nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, ber með sér, að inni á þeim reikningi hafi verið umtalsverðir fjármunir. Verður ekki annað séð af yfirliti þessu en að þann 19. desember 1989 hafi af þeim reikningi runnið kr. 1.547.846 til kaupa á verðbréfum Lýsingar, 1. fl. B 1989. Jafnframt þykir yfirlit þetta bera með sér, að þann 1. mars 1990 hafi kr. 1.000.000 verið millifærð inn á Landsbók nr. 456002. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi ekki haldið örorkubótum sínum aðgreindum frá öðrum eignum og hafi laun sóknaraðila runnið inn á reikning varnaraðila. Varnaraðili byggir hins vegar á, að hann hafi haldið örorkubótum sínum aðgreindum og að fyrrgreindir bankareikningar og verðbréf hafi að geyma hluta af þeim. Hafi laun aðila runnið inn á bankareikning í Íðnaðarbankanum nr. 800223 og hefur þeirri fullyrðingu ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðila. Telja verður, að sóknaraðili hafi ekki sannað gegn eindregnum andmælum varnaraðila, að fyrrgreindir fjármunir séu til komnir með öðrum hætti en örorkubótum varnaraðila. Þar sem ekki verður talið, að sóknaraðili geti öðlast hlutdeild í bótum varnaraðila vegna varanlega skerts aflahæfis, þykir verða að hafna kröfu sóknaraðila um eignarhlutdeild í reikningi nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, Landsbók nr. 456002 á sama stað og Lýsing-verðbréfum 1. fl. B 1989 hjá Landsbréfum hf.

Ágreiningur er milli aðila um skiptingu fasteignarinnar að Móabaráði 34, Hafnarfirði, og bifreiðarinnar R-38532, Citroën AX. Telja verður, að ekki hafi þýðingu varðandi fasteignina að Móabaráði 34, Hafnarfirði, að málsaðilar rituðu bæði nöfn sín á umsókn um kaup á íbúð hjá stjórn verkamannabústaða, enda verður ekki annað séð af umsókn þessari en sóknaraðili hafi ritað á hana sem sambýliskona varnaraðila. Á sambúðartímanum unnu málsaðilar fyrir launum utan heimilis og telja verður að nefndar eignir hafi verið keyptar í þágu beggja. Jafnframt þykir verða að líta til þess, að sóknaraðili var bundin við störf á heimili í nokkurn tíma eftir að hún ól málsaðilum son. Verður því að telja að sóknaraðili hafi öðlast eignarhlutdeild í eignum þessum. Fær þessu ekki breytt þótt varnaraðili hafi leitt líkur að því, að hann hafi greitt eignir þessar með örorkubótum sínum. Þegar þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt að miða við að eignarhluti sóknaraðila í fasteigninni og bifreiðinni sé 10%, og ber þannig að taka kröfu sóknaraðila til greina að því leyti.

Krafa sóknaraðila um að viðurkennt verði að andvirði bifreiðarinnar R-42840, Mercedes-Benz, sé eign málsaðila að jöfnu og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 350.000 auk dráttarvaxta, verður ekki skilin á annan veg en þann, að krafist sé aðfararhæfs úrskurðar um fjárkröfu, er sóknaraðili telji sig eiga vegna ráðstöfunar varnaraðila á eign, sem fyrir hendi hafi verið við sambúðarslit, en hafi verið ráðstafað áður en skiptameðferð hófst. Telja verður að skiptaréttur geti einungis úrskurðað um slíka kröfu, að svo miklu leyti sem henni verður fullnægt af eignum bú-sins, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðili hefur ekki fært sönnur á gegn andmælum varnaraðila, að bifreið þessi hafi verið greidd með fjármunum hennar. Hefur þegar verið fjallað um eignarhluta sóknaraðila í þeim eignum bú-sins, sem í úrskurði þessum eru til umfjöllunar, með tilliti til tekna hennar og annarra atvika. Með vísan til framangreinds ber að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili gerir kröfu um að viðurkennt verði með úrskurði að varnaraðila sé skylt að greiða henni leigu vegna afnota hans af eignarhluta hennar í fasteigninni að Móabaráði 34, Hafnarfirði. Í úrskurðum sínum fjallar skiptaréttur um töku bú-s til opinberra skipta, búsmæðferð og hvernig skipta beri búi. Telja verður að skiptaréttur sé ekki bær til að fjalla um kröfu sem þessa og eigi hún undir hina almennu dómstóla. Er þessari kröfu sóknaraðila því hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor málsaðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Benedikt Bogason, fulltrúi skiptaráðandans í Hafnarfirði, kveður upp úrskurð þennan.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Lydíu Gunnarsdóttur, um eignarhlutdeild í verðbréfum og bankainnstæðum, þ.e. reikningi nr. 61999 hjá Landsbanka Íslands, Landsbók nr. 456002 á sama stað og verðbréfum Lýsing 1. fl. B 1989 hjá Landsbréfum hf., er hafnað.

Viðurkennt er að málsaðilar séu sameigendur að fasteigninni að Móabaráði 34, merktri 03-01, Hafnarfirði, og bifreiðinni R-38532, Citroën AX, þannig að eignarhluti sóknaraðila, Lydíu Gunnarsdóttur, sé 10% og eignarhluti varnaraðila, Gísla Arnar Arnarsonar, 90%.

Kröfu sóknaraðila um að andvirði bifreiðarinnar R-42480, Mercedes-Benz, teljist eign málsaðila að jöfnu og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 350.000 með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júní 1990 til greiðsludags, er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði með úrskurði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðila húsaleigu fyrir afnot af eignarhluta sóknaraðila í íbúðinni að Móabaráði 34, Hafnarfirði, frá og með 1. júní 1990 til rýmingardags, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

---